

Stjórnvaldsekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 12. október 2007 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta fruminnherja í tilteknu félagi vegna brots á 63. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl). Fruminnherjinn gegndi ekki stöðu stjórnanda í félaginu.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti sín og fjárhagslega tengdra aðila innan tilskilinna tímamarka. Um var að ræða víðskipti sem áttu sér stað 5. júlí 2007 en voru ekki tilkynnt fyrr en 23. ágúst 2007. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti og 74. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 150.000.